

Fundargerð aðalfundar Flugklúbbs Flúða.

21. apríl 2024

Alls eru 16 félagsmenn mættir í hús og 4 í streymi á Teams.

1. Emil Guðjónsson setti fundinn klukkan 15:02, formaður stingur uppá Svani Einarssyni sem fundarstjóra og Elínu Jónu sem ritari fundarins. Það var samþykkt.
2. **Skýrsla formanns.** Emil Guðjónsson les skýrslu formanns og farið var yfir sögu félagsins frá upphafi og stiklað á stóru um verkefni félagsins og þá uppbyggingu sem fram hefur farið á síðustu árum.
3. **Reikningar félagsins lagðir fram,** Guðmundur Guðjónsson leggur fram reikninga félagsins sem spanna tvö ár eða frá 2022. Þar kemur fram að 700 þúsund kr komu sem förgunargjald eða til uppbyggingar á flugstöðinni frá Isavia. Rekstrarfé kemur árlega til klúbbsins samkvæmt þjónustusamningi við Isavia kr. 550.000,-. Eigið fé í lok árs 2023 er kr. 870.219,-.
Georg tekur til máls ítrekar að það skipti máli að samningur við Hreppinn sé til staðar þannig að starfsemi sé tryggð. Athuga þarf hvernig staðan er á þeim samningi.
Velvilji talinn fyrir flugvelli hjá sveitastjórn.
Athugasemd frá Magga Gríms að Georg hafi gefið rotmassa í brautina en Georg vill ekki gera mál úr því.
Reikningar og skýrsla lögð fram til samþykkis og hvoru tveggja er samþykkt einróma.
4. **Lagabreytingar,** lögunum er dreift og hver grein lesin upp og samþykkt fyrir sig.
 1. gr óbreytt samþykkt einróma
 2. gr breytingartillaga sjá lög, samþykkt einróma
 3. gr óbreytt en fram kom fram breytingartillaga,
 - a. Ragnar Haraldsson leggur fram breytingartillögu um að síðasta málsgreinin verði felld út,
 - b. Ragnar Haraldsson leggur einnig til að skoðað verði að bæta við aukaaðild að klúbbum sem fæli í sér lægri félagsgjöld.
 4. gr breytingartillaga sjá lög, samþykkt einróma
 5. gr breytingartillaga sjá lög, tvær breytingartillögur koma á fyrrgreindri tillögu
 - a. Bragi Sigbórsson leggur fram að í stað minnst 5 daga komi „minnst 21 daga“, 5 samþykkir 7 á móti,
 - b. Ragnar Haraldsson leggur til að í stað minnst 5 daga komi „minnst 10 daga“, Samþykkt einróma.
 - fimmta grein samþykkt samhljóða með breytingum
 6. gr óbreytt, samþykkt einróma
 7. gr breytingartillaga sjá lög, ein breytingartillaga lögð fram á fyrrgreindri tillögu
 - a. Bragi Sigbórsson leggur fram breytingu á síðustu málsgrein „Biðji fullgildur félagi um að kosning verði leynileg skal við því orðið“.

Breyting samþykkt einróma. Aðal breytingartillaga einnig samþykkt einróma

8. gr efni greinarinnar var felld undir greinar 5 og 7.
9. gr verður 8. gr
10. gr verður 9. gr
11. gr verður 10. gr
12. gr ný grein sjá lög, ein breytingartillaga var lögð fram við framangreinda tillögu.
 - a. Guðjón Guðmundsson leggur til að breyta „einföldum meirihluta atkvæða“ í „2/3 hluta atkvæða“

Breytingartillaga var samþykkt einróma.

Aðalgrein einnig samþykkt einróma.

Lögin skoðast þá samþykkt og taka gildi strax. Lagt var fyrir fundinn að kosið yrði samkvæmt ný samþykktum lögum. Samþykkt var að halda áfram eftir nýjum lögnum nema hvað félagsgjöld yrðu ákveðin undir önnur mál.

5. **Kosning stjórnar.** Alls bárust tvö framboð til formanns, það voru þeir Emil Guðjónsson og Einar Trausti Svansson.

Georg Ottóson bað um leynilega kosningu. Orðið var við því samkvæmt nýjum lögum.

Emil Guðjónsson – 7 atkvæði

Einar Trausti Svansson – 12 atkvæði

Kosning meðstjórnenda. Óskað var eftir tilnefningum eða framboðum og voru eftirtaldir tilnefndir eða buðu sig fram, Vilberg Tryggvason, Elín Jóna Traustadóttir, Bragi Sigþórsson og Guðjón Guðmundsson. Meðstjórnendur voru kosnir einróma.

6. Önnur mál

Félagsgjöld, Georg Ottósson kom með tillögu um að félagsgjöld yrðu 10 þúsund krónur á ári.

Magnús Grímsson með aðra tillögu um að félagsgjöld yrðu 12 þúsund krónur á ári, tillagan var borin til atkvæðis, 1 samþykktur 15 á móti

Tillaga Georgs var samþykkt einróma eftir að tillaga Magnúsar var felld.

Georg Ottósson ítrekar að skoða þurfi samninginn við Hreppinn. Einnig þakkar hann fyrir að endurreisa þennan klúbb og lýsir yfir ánægju með að líf sé komið í flugmál á Flúðum.

Emil minnst á að þjónustusamningur við Isavia sé til 2ja ára og þarfnist endurnýjunar.

Guðmundur Guðjónsson minnst á flugreglur í sambandi við flug og íbúabyggð spurning um að semja nákvæmari reglur fyrir völinn í ljósi nýrrar íbúabyggðar.

Fram kom að ljósastaurar á þjóðvegi 459 verði lækkaðir í sumar, upplýsingar þessar komu fram á fundi með sveitastjóra og oddvita sem haldinn var í febrúar.

Umræða var um krossbraut og hvort að laga ætti hana og virkja.

Bragi Sigþórsson stakk uppá að haldinn yrði flugdagur 17. júní, hægt væri að bjóða uppá flug og vöflur. Guðmundur Guðjónsson minntist á flugslýs sem var á þessum degi fyrir nokkrum áratugum.

Hugmyndir um lýsingu á braut. Fá ledljós umræða um ljós og lýsingu.

Emil og Guðmundi þakkað fyrir sín störf.

Fundi sliti 16:47